



Samstarf grunnskóla og leikskóla

Samstarf Grunnskóla Seltjarnarness annars vegar og Leikskóla Seltjarnarness hins vegar er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Markmið samstarfsins er m.a. að tryggja samfellu í námi nemenda frá leikskóla og í grunnskóla, að nýir nemendur í grunnskóla haldi tengslin við leikskólann og að búa elstu börn leikskólans undir skólagönguna. Deildarstjóri yngsta- og miðstigs og/eða kennari úr 1. eða 2. bekk, hafa umsjón með samstarfinu ásamt deildarstjórum elstu deilda leikskólans.

Ágúst /september

Verkefni: Haustfundur

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjórar elstu deilda leikskólans) og tengiliður skólans við leikskólann

Á fundinum skal fara yfir viðburði á komandi skólaári, setja niður dagsetningar, verkaskiptingu og ítarlegt skipulag. Til fundarins skal boða deildarstjóra, og e.t.v. einn umsjónarkennara 1. bekkja.

Október

Verkefni: Heimsókn fyrsta bekkjar í leikskólann

Ábyrgð: Umsjónarkennarar og deildarstjórar elstu deilda leikskólans

Nemendum 1. bekkja býðst að fara í heimsókn í leikskólana.

Nóvember

Verkefni: Dagur íslenskrar tungu

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjórar elstu deilda leikskólans) og bókasafnsfræðingur Mýrarhúsaskóla

Í tilefni af degi íslenskrar tungu er fer hópur 5. og 6. bekkinga í leikskólana og les fyrir leikskólanemendur. Þeir fara tveir og tveir saman á hverja deild, annar les en hinn sýnir myndir úr bókinni á meðan.

Desember

Verkefni: Helgileikur

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjórar elstu deilda leikskólanna)

Ef tækifæri gefst, og því verður við komið, má hugsa sér að bjóða elstu deild leikskólans að koma og sjá forsýningu á helgileik 4. bekkinga í kirkjunni.

Janúar

Verkefni: Heimsókn leikskólanemenda í Skólaskjól

Ábyrgð: Deildarstjórar í samvinnu við forstöðukonu Skólaskjóls.

Elstu börnin í leikskólanum koma í hópum í heimsókn í Skólaskjólið. Forstöðukonan tekur á móti þeim og segir frá starfinu.

Verkefni: Heimsókn annars bekkjar í leikskólann

Ábyrgð: Umsjónarkennarar og deildarstjóri leikskólans

Börnum úr 2. bekk Mýrarhúsaskóla býðst að koma í heimsókn í leikskólann og leika við börnin á næst yngstu deildinni.



Febrúar

Verkefni: Heimsókn elstu deildar leikskólans í skólann

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjórar elstu deilda leikskólans)

Í lok febrúar koma elstu börn leikskólans aftur í heimsókn í sömu hópum og skoða skólann m.a. bókasafnið og sérgreinastofur, auk þess sem þau hitta skólastjóra, hjúkrunarfræðing og skrifstofufólk eftir því sem við verður komið.

Apríl

Verkefni: Heimsókn leikskólanemenda í 1. bekk

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs og deildarstjórar elstu deilda leikskólans)

Í apríl koma hóparnir í þriðja skipti, og í þetta sinn heimsækja þau 1. bekkinga í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund með skólabörnunum og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Þau hafa með sér nesti. Að loknu nesti fara þau með í frímínútur þar sem þau leika sér með nemendum 1. bekkja.

Mái

Verkefni: Nemendur 3. bekkja heimsækja elstu nemendur leikskólans

Ábyrgð: Deildarstjórar ásamt umsjónarkennurum 3. bekkja

Í grunnskólanum hefur skapast sú hefð að eldri og yngri nemendum er blandað saman á þemadögum og í ýmsum öðrum verkefnum. Það er því styrkur fyrir 1. bekkinga að þekkja einhverja í hópi eldri nemenda. Stefnt er að því að nemendur í 3. bekk fari í heimsókn í leikskólana og hitti þar tilvonandi skólafélaga sína.

Mái/júní

Verkefni: Vinnufundur / skilafundur

Ábyrgð: Deildarstjórar (deildarstjóri yngsta stigs, deildarstjóri stoðþjónustunnar og deildarstjórar elstu deilda leikskólans)

Mikilvægt er að kennarar sem taka við 1. bekk á komandi skólaári, hitti kennara elstu deilda leikskólans.

Á fundinum er farið yfir og samræmt ýmislegt sem unnið er með bæði í leikskólunum og grunnskólanum með það að markmiði að tryggja samfellu í námi. Má þar t.d. nefna:

- Málörvun
- Stærðfræði (talnaskilningur, talnarunur, form og hugtök)
- Tölvukennsla

Á þessum fundi er líka æskilegt að farið sé yfir þarfir einstakra nemenda. Til fundarins skal boða deildarstjóra (leik- og grunnskóla), tilvonandi kennara 1. bekkjar, leikskólasérkennara/yfirproskapjálfa og deildarstjóra sérkennslu í grunnskólanum. Meta þarf í hvert sinn hve margir fundirnir eiga að vera.

Annað

Verkefni: Heimsókn í unglíngadeild

Ábyrgð: Deildarstjóri leikskóla og myndlistakennari Valhúsaskóla



Leikskólinn hefur verið í samstarfi við unglíngastig grunnskólans, Valhúsaskóla. Leikskólabörnin hafa komið og skoðað náttúrugripasafnið, farið í myndlistartíma og hitt nemendur einu sinni á hvorri önn.

Verkefni: Starfsþjálfun í Mánabrekku

Ábyrgð: Náms- og starfsráðgjafi Valhúsaskóla og deildarstjóri leikskólans

Undanfarin ár hafa nokkrir nemendur úr Valhúsaskóla starfað í leikskólanum um tíma undir leiðsögn leikskólakennara. Þetta hefur gefist mjög vel, styrkt sjálfsmynd unglínganna og er hluti af samvinnu- og forvarnarstarfi.

Ágúst

Undanfarin ár hafa elstu nemendur leikskólans flust af leikskólanum eftir sumarfríið og farið í svokallaða undirbúningsdeild fyrir skólann. Þeir hafa haft aðsetur í Skóla-skjólínu, en undir stjórn leikskólans. Mikilvægt er að sá tími sé notaður til þess að æfa umgengisreglur skólans og læra að rata milli skóla og íþróttahúss.

Þegar færi gefst

Nemendum grunnskólans er velkomið að koma í leikskólana til þess að leika sér úti! Bekkjarheimsóknir í leikskólana verða eftir samkomulagi!

Fyrir hönd Grunnskóla Seltjarnarness
Fjóra Höskuldsdóttir